

# Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

## FUNDARGERÐ

### 35. fundur

Fundur var haldinn í byggingarnefnd Suður-Þingeyinga fimmtudaginn 2. desember árið 2010. Fundurinn fór fram að Kjarna á Laugum og hófst hann kl. 13<sup>00</sup>.

Fundinn sátu:

Helgi Hallsson, Kobeinn Kjartansson, Kristján Snæbjörnsson, Lárus Björnsson, Bjarni Höskuldsson slökkviliðsstjóri og Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. **201011062 – Erindi frá Trésmiðjunni Rein ehf. Reykjahverfi**

Trésmiðjan Rein ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við þjónustuhúsið við Dimmuborgir. Viðbygging er 14,4 m<sup>2</sup> og verður notuð sem lager og frystir. Teikningar eru unnar af Haraldi Árnasyni.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið enda telur hún fyrirhugaða byggingu í samræmi við samþykkt deiliskipulag.*

2. **201011059 – Erindi frá Karli E. Sveinssyni og Öglu Rögnvaldsdóttur, Helluhrauni 12, Skútustaðahreppi**

Karl E. Sveinsson og Agla Rögnvaldsdóttir sækja um leyfi til að bæta við svalahurð og glugga á íbúðarhúsið að Helluhrauni 12, Mývatnssveit.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

3. **201011001 – Erindi frá Hákon P. Gunnlaugssyni f.h. eigenda að Vogum 3, Skútustaðahreppi**

Hákon P. Gunnlaugsson f.h. eigenda að Vogum 3, Mývatnssveit, sækir um leyfi til að steypa upp nýjan vegg utan á norðurgafli hússins.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

4. **201009039 – Erindi frá Ólöfu Hallgrímsdóttur, Vogum 1, Skútustaðahreppi**

Byggingarnefnd frestaði erindinu á síðasta fundi þar sem ekki höfðu borist fullnægjandi gögn. Ólöf Hallgrímsdóttir f.h. Vogabús ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir starfsmannahús við ferðaþjónustuna að Vogum 1. Húsið er 74 m<sup>2</sup>, fjórar gámaeiningar sem reist verður á risþak. Teikningar eru unnar af Haraldi Árnasyni.

*Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkt verði stöðuleyfi fyrir húsið til eins árs, enda skili umsækjandi inn skriflegu samþykki nágranna. Áframhaldandi leyfi fyrir húsið verði háð ákvæðum samþykkt deiliskipulags. Í því samhengi er minnt á ákvæði gr. 4.16 í skipulagsreglugerð um fjarlægð húsa frá þjóðvegum.*

5. **201011051 – Erindi frá Unnsteini Ingasyni og Rósu Ösp Ásgeirsdóttur, Narfastöðum, Þingeyjarsveit**

Unnsteinn Ingason og Rósa Ösp Ásgeirsdóttir sækja um leyfi til að breyta glugga á íbúðarhúsinu að Narfastöðum í Reykjadal.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

## ***Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.***

6. **201011043 – Erindi frá Sigurði Erni Haraldssyni, Jaðri, Þingeyjarsveit**

Sigurður Örn Haraldsson, Jaðri, Reykjadal, sækir um leyfi til að breyta þaki og klæða utan gömul útihús sem notuð eru sem geymslur. Teikningar eru unnar af Arnhildi Pálmadóttur arkitekt.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 14<sup>20</sup>.

Helgi Hallsson  
Kolbeinn Kjartansson  
Kristján Snæbjörnsson  
Lárus Björnsson  
Bjarni Höskuldsson slökkviliðsstjóri  
Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi